


Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Kennsluáætlun í Byrjendalæsi



Til notkunar með Komdu og skoðaðu bílinn

eftir Gunnhildi Óskarsdóttur og Ragnheiði Hermannsdóttur

Teikningar: Sigrún Eldjárn

Námsgagnastofnun 2002

Hugsuð fyrir 2. - 3. bekk

Sigurlína Jónsdóttir

Námsumhverfi

Með þessu verkefni þurfa að vera til staðar bækur fyrir börn um bíla og önnur farartæki og þá orkugjafa sem knýja þau áfram. Auk þess annað sem tengist innihaldi bókinnar *Bíllinn*.

Aðgangur að bókasafni, hljómflytningtækjum, tölvum.

Einnig venjulegu skólaföndurefni s.s. pappír, þykkum pappa, bandi, litum, skærum, lími o.s.frv.

Öll hlustunardæmi eru með tengil á *Youtube* og sum sönglög. Önnur lög eru stjórnumerkt, * eru „*Syngjandi skóli*” hlustunarefni eftir Þórunni Björnsdóttur, aðgengileg á nams.is; ** bókinn „*Söngvasafn Efværi ég söngvari*” eftir Ragnheiði Gestsdóttur á meðfylgjandi geisladiski; *** má nálgast á tonlist.is gegn gjaldi.

Dæmi um sönglög

Druslan (bls. 2-3)

[Þrjú hjól undir bílnum](#) (bls. 2-3) ***

Um landið bruna bifreiðar (bls. 2-3) ***

Ríðum heim til hóla (bls.6) * ***

[Bíllinn minn og ég](#) (bls. 15) ***

Bjössi á mjólkurbílnum (bls. 14) ***

Brunabíll köttur og skógarþröstur (bls. 16-19)

Guttavísur (bls. 16-19) ** ***

Göngum, göngum (bls. 24)

Við erum söngvasveinar (bls. 24) **

Dæmi um hlustunarefni

[Copenhagen Steam Railway Galop](#) (lest) – Hans Christian Lumbye

[Rodeo Hoe Down](#) - Aaron Copland

[Þrjú hjól undir bílnum](#) –

[Kappasktur](#) -

[Pacific 231](#) (lest) – Arthur Honneger

[Bahn frei polka](#)- E. Strauss

[Kan kan](#) (Can can) -Offenbach

Markmið

Að auka lestrarfærni (fjölbreyttan lestur, t.d. skimun, leitarlestur, læra ljóð (söngtexta), og lesa upphátt fyrir aðra).

Að vinna með stafi og hljóð, sérhljóða og samhljóða, rím stuðla og höfuðstafi, nafnorð, lýsingarorð og sagnorð.

Auka orðaforða.

Að efla ritun.

Að æfa framsögn, tjáningu og söng.

Efla heyrnænt og sjónrænt rýni.

Námsmat

Nemendur gefa samnemendum stjórnur fyrir framsögn í ljóðalestri og fyrir hópvinnu.

Heimavinna

Æfa lestur á ljóði til flutnings fyrir framan bekkinn.

Upplestur (Komdu og skoðaðu bílinn)

- Höfundar kynntir.
- Bókin skoðuð, forsíða og baksíða og spáð í innihaldið. Einnig velt fyrir sér tengslum hennar við aðrar bækur (Komdu og skoðaðu ...).
- Bókin lesin í heild.
- Hugtök skráðir á töflu (flettistöfluna)
- Ýmsar myndir af farartækjum sýndar

Syngja: **Druslan** (bls. 2-3)

Prjú hjól undir bílnum (bls.2-3)

Hlusta á: [Prjú hjól undir bílnum](#) –

1. lota

Höfundar
Bókarkápa
Viðfangsefni(bíllinn)
Söngur
Hlustun



Viðlag

Viðlag er endurtekið stef eða vísuhluti endurtekinn eftir hvert erindi í kvæðinu.



Klippað út bíla úr bylgjupappa (pizzakössum) og málið og heftið lykkju á bakhliðina til að halda í með annari hendi. Gangið í röð við lagið með bílana eins og þið séuð að aka eftir þjóðveginum og notið lausu höndina til að leika með það sem er að gerast. Syngið með allavega viðlagið.

Umráður og vinna nemenda í hóp, einslega eða í pörum

- Bókin lesin aftur og ýmis orð skoðuð og skráð á flettistöfluna.
- Orð sem hægt er að skoða eða vinna með (kennari velur úr eftirfarandi upptalningu):

Hávaði, bíll, hljóðkútur, bila, verkstæði, málmur, plast, gúmmí, gler, bílaverksmiðja, sæti, mismunandi, eldsneyti, vél, bensín, dísilólía, metangas, orkulaus, langalangamma, langalangafi, hestöfl, öflugur, kraftur, draga, hreyfa, ýta, tilvik, reiptog, yfirborð, bremsur, stöðva, ójafn, sléttur, gönguskór, gólfteppi, snjóþota, brekka, snjór, naglar, hálfka, malbik, bíldekk, mynstur, stöðugur, ögn, þyrlast, lögun, svampur, gormur, teygja, fjaðrir, rass, holóttur, leir, hnoða, snjóbolti, kerra, sippa, hjóla, rafgeymir, fjöldaframleiða, farþegi, olía, ævagamall, varðveita, aldamót, útvarp, ræsa, rafmagn, gírar, vinstri, hægri, umferðarreglur, ökuskóli, bílpróf, ökuskírteini, baksýnispegill, hámarkshraði, slökkvilið, sjúkrabíll, lögregla, amarlegt, stefnuljós, flauta, hraðahindrun, hraðakstur, farartæki, útblástur, menga, andrúmsloft, heilsa, púströr, leiksvæði, hreinsikútur, mengunarefni, óökufær, endurnýta, varahlutir, lausagangur, strætó

- **Lykilorð:** farartæki, eldsneyti
Nota meðfylgjandi bílblað til að skrifa ný orð á (einstaklingsvinna).
- Finna orð í textanum sem innihalda samhljóðin b-d og stuðla og höfuðstafi: – (ljósrít úr bók, paravinna).

Syngja: **Um landið bruna bifreiðar**
(bls. 2-3)

Bjössi á mjólkurbílnum

Hlusta á: [Kappasktur](#) -

2. lota

Viðfangsefni bókin
Komdu og skoðaðu bílinn
Lestur
Ný orð
Hugtök
Lykilorð
Samhljóðar b-d
Stuðlar og höfuðstafir
Ritun – stafagerð

Söngur
Hlustun
Hreyfing











accelerando

Þýðir með vaxandi hraða.



Hlustaðu á lagið *Kappakstur* og hvernig hraðinn vex smátt og smátt (accelerando)

<p>Stöðvavinna:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Hópur 1: Byr til veggspjald með ýmsum farartækjum (hestum, úlföldum, filum, hjólum, skíðum, bílum, lestum, skipum, flugvélum, geimförum o.s.fr.). ○ Hópur 2: Byr til veggspjald með umferðargötu og búa til umferðarmerki sem þau setja inn á á réttum stöðum. ○ Hópur 3: Byr til veggspjald með upplýsingum um helsta eldsneyti farartækja. ○ Allir hóparnir merkja inn á veggspjöldin eða skrifa stuttar upplýsingar. <p>Syngja: Ríðum heim til hóla (bls.6)</p> <p>Hlusta á: Rodeo Hoe Down - Aaron Copland</p>	<p>3. lota</p> <p>Myndræn yfirfærsla Ný orð Ritun – stafagerð Upplýsingaöflun/bókasafn/tölvur Söngur Hlustun</p> <p> Hlustið á <i>Rodeo Hoe Down</i> og brokkið með lófunum á borði, lærum eða gólfi í takt.</p>
<p>Einstaklingsvinna</p> <p>Allir hóparnir búa sér til bílabók (sjá meðf. snið.). Nemendur brjóta tvö A-4 blöð langsum og klippa til eins og bíl. Síðan er teiknað á síðurnar: endurskinsmerki, bílbelti, gangbraut, o.fl.</p> <p>Syngja: Bíllinn minn og ég</p> <p>Hlusta á: Copenhagen Steam Railway Galop (lest) – Hans</p>	<p>4. lota</p> <p>Myndræn yfirfærsla Ný orð Ritun - stafagerð Söngur Hlustun</p> <p> Umhverfishljóð Umhverfishljóð eru öll hljóð sem við heyrum í umhverfi okkar úr dauðum hlutum og lifandi.</p> <p> Hlustaðu á Car Music og fáðu hugmynd um hvernig hægt er að búa til tónverk án hljóðfæra.</p>
<p>Stöðvavinna:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Hópur 1: Skrifar á miða öll nafnorð sem þau finna í bókinni. ○ Hópur 2: Skrifar öll lýsingarorð sem þau finna í textanum á miða. ○ Hópur 3: Skrifar öll sagnorð sem þau finna á miða. <p>Öllum miðunum er ruglað saman og skipt á milli hópanna þriggja. Kennari merkir þrjár skálar með nafnorð, lýsingarorð og sagnorð. Síðan byrjar 1. hópurinn að raða sínum miðum í skálarnar og að því loknu fer kennarinn yfir með hópnum hvortmiðarnir hafi lent í réttri skál. Síðan gera hópur tvö og þrjú það sama. Þetta má leika aftur og aftur og rugla miðunum í hvert skipti.</p> <p>Syngja: Brunabíll, köttur og skógarþröstur</p> <p>Hlusta á: Pacific 231 (lest) - Arthur Honneger</p>	<p>5. lota</p> <p>Ný orð Nafnorð Lýsingarorð Sagnorð Ritun – stafagerð Söngur Hlustun</p> <p> Hlusta á Litla lestin eftir villa Lobos og leikið lestina með því að hreyfa ykkur kyrr á sama stað.</p>

<p>Stöðvavinna:</p> <p>Vinna með ljósrit af ljóðinu hér að neðan, strika undir orð sem ríma saman í <i>Guttavísur</i> en hring utan um stuðla og höfuðstafi.</p> <p>Hópur 1: Búa til stóran Gutta úr maskínupappír (strika eftir nemenda sem leggst á blaðið á gólfinu). Lita Gutta eða sníða á hann föt úr efni og hengja hann upp á vegg.</p> <p>Hópar 2 og 3: Skrifa heilræði (góð ráð) til Gutta á A-5 blað og festa upp allt í kringum hann á vegginn.</p> <p>Nemendur í hópum tvö og þrjú lesa upp sín heilræði fyrir hópinn.</p> <p>Syngja: Guttavísur (bls. 16 -19)</p> <p>Hlusta á: Bahn frei polka - E. Strauss</p>	<p>6. lota</p> <p>Ný orð Ritun – stafagerð Rím Tvöfaldir samhljóðar Stuðlar og höfuðstafir Söngur Hlustun</p> <p> Syngið og leikið ljóðið með látbragði og syngið <i>Guttavísur</i>.</p> <p> Polki Polki er fjörugur paraans frá Tékklandi, takturinn er tvískiptur (einn, tveir). Æfið ykkur á einföldum polkasporum á þessu kennslumyndbandi</p>
<p>Ljóð – tjáning</p> <p>Flytja ljóð fyrir bekkinn sem börnin fengu að fara með heim og æfa sig að lesa. Nemendur gefa flutningnum stjórnur.</p> <p>Syngja: Göngum, göngum (bls. 24) Við erum söngvasveinar (bls. 24)</p> <p>Hlusta á: Kan kan (Can can) -Offenbach</p>	<p>7. lota</p> <p>Framsaga Munnleg tjáning Hlustun</p> <p> Kan kan Kan kan er dans upprunninn í París 1830 í danssölum verkafólks. Seinna þróaðist hann í dans þar sem fjörmiklar stúlkur í síðum efnismiklum pilsnum og svörtum sokkum dönsuðu í línu eða röð og skvettu upp pilsnunum.</p> <p> Prufið að dansa Kan kan.</p>
<p>Sýning</p> <p>Nemendur sýna bílabækur sínar, Gutta veggspjöldin og segja frá. Nemendur gefa bílabókum og hópverkefnum stjórnur.</p>	<p>8. lota</p> <p>Munnleg tjáning Framsaga</p>

Þigurlína Jónsdóttir

Söngtextar

KOMDU OG SKOÐAÐU BÍLINN



Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Druslan

Við setjum svissinn á,
og við kúplum gírnum frá, þá er startað,
og druslan fer í gang.

∴ Runn ∴∴

Það er enginn vandi'
að aka bifreið,
ef maður bara kemur druslunni í gang. Bíb bíb!

Þrjú hjól undir bílnum

Þrjú hjól undir bílnum,
en áfram skröltir hann þó.
Öræfapokan eltir dimm
með kolsvart él, sem kæfir vél,
en við kyrjum samt kát í næði og ró.

Við syngjum: Hibbidí-hæ og hibbidí – hí
svo bergmálar fjöllunum í.
Hérna rétt sunnan við hálsinn er sæluhús,
við gætum sofið þar öll, uns birtir á ný.
„Ó, Guðmundur, það er byrjað að snjóa.“
„Það passar, þeir spáðu sólskini.“

Tvö hjól undir bílnum,
en áfram skröltir hann þó.
Í sumarfrí á fjallaslóð,
fárviðri hvín, dagsljós dvín,
en við kyrjum samt kát í næði og ró.

Við syngjum: Hibbidí-hæ og hibbidí – hí
svo bergmálar fjöllunum í.
Hérna rétt sunnan við hálsinn er sæluhús,
við gætum sofið þar öll, uns birtir á ný.
„Ertu viss um að við séum á réttri leið.“
„Haltu þér saman, þú með þín vegakort.“

Eitt hjól undir bílnum,
en áfram skröltir hann þó.
Yfir grjót og urð, upp í hurð,
með hikst og hóst í hlíðargjóst.
En við kyrjum samt kát í næði og ró.

Við syngjum: Hibbidí-hæ og hibbidí – hí
svo bergmálar fjöllunum í.
Hérna rétt sunnan við hálsinn er sæluhús,
við gætum sofið þar öll, uns birtir á ný.
„Ó, Guðmundur, það fossar vatn um allan
bílinn.“ „Þegiðu kona og lokaðu gluggnum.“

Ekkert hjól undir bílnum,
hann áfram skröltir ei meir.
Hann liggur á hlið í hyldjúpri á,
straumurinn gjálfrargluggum á.
En við kyrjum á kafi í vatni og leir:

Við syngjum: Hibbidí-hæ og hibbidí – hí
svo bergmálar fjöllunum í.
Hérna rétt sunnan við hálsinn er sæluhús,
við gætum sofið þar öll, uns birtir á ný.

Ómar Ragnarsson

Um landið bruna bifreiðar

Um landið bruna bifreiða, bifreiðar, bifreiðar.
Með þeim við skulum fá oss far og ferðast hér og þar
;,: ba bú ba bú - tralla la la la la la la ;,:

Um loftin fljúga flugvélar, flugvélar, flugvélar.
Með þeim við skulum fá oss far og ferðast hér og þar.
;,: ba bú ba bú - tralla la la la la la la ;,:

Um höfin sigla skúturnar, skúturnar, skúturnar.
Með þeim við skulum fá oss far og ferðast hér og þar.
;,: ba bú ba bú - tralla la la la la la la ;,:

Ríðum heim til Hóla

Ríðum heim til Hóla.
Pabba kné er klárinn minn,
kistill mömmu fákur þinn.
Ríðum heim til Hóla.

Ríðum heim að Hofi.
Senn er himni sólin af,
sigin ljós í vesturhaf.
Ríðum heim að Hofi.

Ríðum út að Ási.
Ef við höfum hraðan á
háttum þar við skulum ná.
Ríðum út að Ási.

Guðmundur Guðmundsson

Bíllinn minn og ég

Búmm saka búmm, búmm búmm,
nú við ökum úr bænum,
búmm saka búmm, búmm búmm,
upp í sveit í einum grænum.
Gatan er öll í holum
og þá ek ég þér hægar
gangverkið allt í molum
og ég tek á þér vægar.

Búmm saka búmm, búmm, búmm,
elsku bíllinn minn blái
búmm saka búmm, búmm,
búmm, þó brotnar legur þig hrjái,
komin að niðurlotum
já, þú kemst þetta af vana
gírkassinn er í brotum,
já, þú ert dreginn af krana.

Það er engin sem getur skilið
hvað ég elska þig mikið
og þegar við komum aftur
skal ég þvo af þér rykið.

Bjössi á mjólkurbílnum

Hver ekur eins og ljón
með aðra hönd á stýri?
Bjössi á mjólkurbílnum,
Bjössi á mjólkurbílnum.
Hver stígur bensínið
í botn á fyrsta gíri?
Bjössi á mjólkurbílnum,
hann Bjössi kvennagull.

Hver ekur eins og ljón
með aðra hönd á stýri?
Bjössi á mjólkurbílnum,
Bjössi á mjólkurbílnum.
Hver stígur bensínið
í botn á fyrsta gíri?
Bjössi á mjólkurbílnum,
hann Bjössi kvennagull.

Við brúsapallinn bíður hans mæ, Loftur Guðmundsson
Hæ, Bjössi keyptirðu þetta í gær?
Og Bjössi hlær, ertu öldungis ær,
alveg gleymdi' ég því.
Þér fer svo vel að vera svona' æst
æ, vertu nú stillt ég man þetta næst.
Einn góðan koss, svo getum við sæst á ný.
Hann Bjössi kann á bíl og svanna tökin.
Við brúsapallinn fyrirgefst mörg sökin.

Brunabíll köttur og skógarpröstur

Babú babú
Brunabíllinn flautar
Hvert er hann að fara?
Vatn á eld að sprauta
Tss tss tss tss
Gerir alla blauta.

Bí bí bí bí
Skógarpröstur syngur
Hvert er hann að fara?
Burt frá kisu flýgur
Hviss hviss hviss hviss
Loftin blá hann smýgur.

Mjá mjá mjá mjá Jón Hlöðver Áskelsson
Mjálmar gráa kisa
Hvert er hún að fara?
Úr í skóg að ganga
Uss uss uss uss
Skógarprösti að fanga.

Göngum, göngum

Göngum, göngum,
göngum upp í gilið
gljúfrabúann til að sjá.
Þar á klettasyllu svarti krummi
sínnum börnum liggur hjá.

Þórður Kristleifsson

Guttavísur

Sögu vil ég segja stutta
sem að ég hef nýskeð frétt.
Reyndar þekkið þið hann Gutta,
það er alveg rétt.
Óþekkur er ætíð anginn sá,
út um bæinn stekkur hann
og hoppar til og frá.
Mömmu sinni unir aldrei hjá,
eða gegnir þabba sínum.
Nei, nei það er frá.
Allan daginn, út um bæinn
eilíf heyrast köll í þeim:
Gutti, Gutti, Gutti, Gutti,
Gutti komdu heim.

Gutti aldrei gegnir þessu,
grettir sig og bara hlær,
orðinn nærri að einni klessu
undir bíl í gær.
Ó'n af háum vegg í dag hann datt.
Drottinn minn! Og stutta nefið
það varð alveg flatt
eins og pönnukaka. Er það satt?
Ó, já, því er ver og miður,
þetta var svo bratt.
Nú er Gutta nefið snúið,
nú má hafa það á tröll.
Nú er kvæðið næstum búið,
nú er sagan öll.

Andlitið er á þeim stutta
oft sem rennblautt moldarflag.
Mædd er orðin mamma hans Gutta,
mælir oft á dag:
Hvað varst þú að gera, Gutti minn?
Geturðu aldrei skammast þín
að koma svona inn?
Réttast væri að flengja ræfilinn.
Reifstu svona buxurnar
og nýja jakkann þinn?
Þú skalt ekki þræta Gutti,
það er ekki nokkur vörn.
Almáttugur! En sú mæða
að eiga svona börn.

Stefán Jónsson

Við erum söngvasveinar

∴: Við erum söngvasveinar á leiðinni' út í lönd ∴:
leikum á flautu, á skógarhorn, á skógarhorn,
leikum á flautu, fiðlu' og skógarhorn.
Og við skulum dansa hopsasa, hopsasa, hopsasa,
við skulum dansa hopsasa - HOPSASA!!

Helstu hugtök, frum-, efnis- og leikniþættir tónlistar

Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara þegar
samþætta á tónlist við aðrar námsgreinar



Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans
Fyrir nemendur á yngsta stigi

Þigurlína Jónsdóttir

Hér að neðan fara einfaldar skýringar á helstu þáttum tónlistar sem umsjónarkennari getur huga að við sæmþættingu tónlistar við aðra námsgreinar barna á yngsta stigi:



Hlustun

Kennarar þurfa að skapa tónlistarvænt afslappað umhverfi t.d. púðakrók. Þar fá nemendur að hlusta á fjölbreytta tónlist og fá að bregðast við henni með því að hreyfa sig, klappa, dansa eða leika á ásláttarhljóðfæri t.d. hristur eða litlar handtrommur eða hljóðfæri sem börnin hafa búið til sjálf eða fundið í náttúrunni t.d. steina, trjábúta, skeljar o.s.frv.

Ung börn hafa stutt úthald eigi aðeins að hlusta sér til ánægju. Þau þurfa tengingu við eitthvað eða ástæðu fyrir því af hverju þau eru að hlusta og eftir hverju þau eiga að hlusta t.d. ákveðnu hljóðfæri eða breytingu í hrynn (takti), styrkleika (sterkt eða veikt) eða blæ (gleði, sorg, reiði). Mörg tónverk fela í sér sögu eða ævintýri sem kveikja löngun barnanna til sköpunar t.d. að teikna, mála, móta sögupersónur eða sýna látbragð. Með æfingunni eykst úthaldið og ánægjan og tónlistarupplifunin verður kveikjan að frjóu skapandi skólastarfi. Velja þarf fjölbreytta tónlist með og án orða frá sem flestum menningarheimum.



Söngur

Söngur fylgir allri menningu og er sjálfsprottinn og byrjar sem hjal og söngl með eða án orða. Börn söngla þegar þau leika sér og syngja með eða án orða í leik ein eða með öðrum. Oft söngla þau hendingar í leik t.d. „þú getur ekki náð mér“ eða tauta við sjálf sig þegar þau eru að dunda sér við eitthvað. Þetta getur verið upphaf af því að búa til lög og þarf að hlúa vel að með nærfærni. Velja þarf texta sem hæfa aldri og þroska barnanna og þeim hugarheimi sem þau hrærast í. Í sæmþættingu er mikilvægt að textinn eða heiti lagsins tengist á einhvern hátt viðfangsefninu í sæmþættingunni. Velja þarf tónhæð sem hæfir barnsröddinni og hafa ber í huga að þeim liggur hærra rómur en okkur fullorðna fólkinu. Gefa þarf góðan gaum að innihaldi textans, túlkun hans og stíltegund þegar sungið er. Þú syngur ekki gleðisöng með fýlusvip.

Velja þarf stutt lög fyrir yngstu börnin með ekki of vítt tónsvið þ. e. fer ekki mjög djúpt niður eða hátt upp. Kennarinn þarf að velja lög sem honum finnast áhugaverð þannig að hann smiti nemendur með áhuga sínum. Hann þarf að ná augnsambandi við nemendur þegar hann er að kenna lögin þannig að nemendur

finni og sjá áherslur í svipbrigðum hans. Gott er að leyfa nemendum að klappa púlsinn um leið og lögin eru lærð og hreyfa sig.



Hreyfing

Hvetjið nemendur til að hreyfa sig frjálst þegar þeir syngja eða hlusta á tónlist. Seinna þegar nemendum er eiginlegt að hreyfa sig í takt við tónlistina má bæta dansi við og í framhaldinu hvetja nemendur til að búa til dans við ákveðna hentuga tónlist. Langir borðar og blöðrur sem þau hreyfa hjálpa börnum oft til að koma sér af stað. Aðstoðið börnin við að finna hvernig mismunandi líkamspartar framleiða mismunandi hljóð t.d. með höndum, fótum, fingrum og handleggjum og einnig mismunandi leiðir að koma sér á milli staða t.d. hlaupa, hoppa, renna, ganga o.s.frv. Það þarf að hjálpa þeim að finna púlsinn í tónlistinni með því t.d. að klappa taktinn, ganga taktinn eða slá á ásláttarhljófæri. Hjálpa þeim að líkja eftir fyrirbærum í umhverfinu t.d. skýjum, rigningu, vindi, stormi til að túlka tónlist. Afmarka þarf svæðið þar sem börnin hreyfa sig, það má hvorki vera of lítið eða fullt af hlutum sem hægt er að rekast á eða of stórt þannig að það bjóði upp á hlaupalæti. Nemendur æfast í að bregðast við breytingum í tónlistinni s.s. hraða, styrkleika og blæbrigðum.




Hljóðfæraleikur

Hafið smá safn af ásláttarhljóðfærum við höndina, handtrommur, stafi, fingrasmellur og hristur og einnig hljóðgjafa sem börnin hafa útbúið sjálf. t.d. má nota sírópsdósir með mismunandi innihaldi, baunir, hrísgrjón, hveiti, skopparabolta, glerperlur, tréperlur o.s. frv. (ekki of mikið í hvern bauk). Litlar plast gosflöskur eru skemmtilegar og hægt að setja í þær mismunandi skemmtilega smáhluti s.s. marglitar perlur eða pappírsklemmur, tölur, smápeninga o.s.frv. Steinar, skeljar og ýmis eldhúsáhöld og verkfæri eru oft góðir hljóðgjafar. Einnig eru alltaf börn í bekknum sem eru að læra á hljóðfæri í tónlistarskólunum og kjörið tækifæri að fá þau til að spila á sitt hljóðfæri eða á málm- eða tréspil séu þau til staðar og félagarnir spili púlsinn (taktinn) með. Algengustu takttegundir eru tví-, þrí- eða fjórskiptur taktur og er þá klappað einn-tveir; einn, tveir, þrír; eða einn tveir, þrír- fjór og alltaf höfð áhersla á einn. Bæði í söng og hljóðfæraleik koma fyrir hraða- og styrkleikahugtök eins og hægt (largo)/hratt (allegro), sterkt (f)/veikt (p) og fjöldi ítalskra orða sem tákna form, blæ eða hughrfin sem laginu eða tónsmíðinni er ætlað að ná.



Sköpun

Tónlist og hreyfing eru góður grunnur til að styðja við sköpunarkraftinn í börnum. Börn hafa fjórugt ímyndunarafl og þurfa rými til að gera tilraunir með hina ýmsu hljóðgjafa bæði hefðbundna og óhefðbundna. Oft má kynda undir sköpunarkraftinn og sýna þeim leiðir hvernig hægt er að kanna hljóðheiminn t.d. með því að fá þeim pappírslað og spyrja: „Hvað geturðu fengið mörg mismunandi hljóð úr pappírslaði?“ t.d. krumpa, rífa, sveifla o.s.frv. Hvetjið börnin til að búa til dansspor við tónlist og einnig semja eigin lög eða tónverk eða hljóðverk t.d. við sögur eða ljóð. Upplagt er að kanna hljóðumhverfið t.d. á skólalóðinni, renna priki eftir járnrimlahandriði eða girðingu, slá í öskutunnur, járnror í ljósastaura o.s. frv. Einnig að hlusta eftir umhverfishljóðum eins og rigningu, vindi, sjávarnið, bílahljóðum, fólki að tala saman eða börnum að leik. Þetta gerir þau næmari fyrir því að skynja umhverfið og tónlistina og þeirri fegurð sem í henni býr.



Lestur - ritun

Börn þurfa ekki að vera læs á nótur til að geta fært tónverkin sín í letur. Letrið þarf að sýn tvennt hvort tónninn fer upp eða niður og hvort hann er stuttur eða langur. Börnin geta t.d. gert mislöng strik eftir lengd tónanna og tröppur eða strik sem vísa upp á við eða niður á við í samræmi við hreyfingu laglínunnar. Þetta hjálpar þeim að muna tónverkið sem þau eru að skapa. Einnig geta nemendur sýnt styrkleikabreytingar með vaxandi styrk (crescendo) < og dvinandi styrk (diminuendo) > með þessum viðurkenndu táknum sem þau þekkja líka úr stærðfræðinni sem meira en og minna en og auðvelt er að teikna.

Inn í hvern og einn þessara þátta falla svo **laglína, púls, hrynur(taktur), hljómur, styrkur, blær, form og stíll.**




Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans er að skapa frjóan jarðveg og vera opinn og styðjandi í tónlistarupplifun með nemendum sínum.

Komdu og skoðaðu bílinn vinnublöð

Komdu og skoðaðu bílinn - Lykilorð



FARARTÆKI

--	--	--

--	--	--


--	--	--

--	--	--

--	--	--

--	--	--

Komdu og skoðaðu bílinn - Lykilorð




ELDSNEYTI

Bílabók leiðbeiningar

Takið þrjú - fjögur blöð og brjótið í tvennt langsum. Ljósritið bílamyndina hér að neðan og börnin lita hana og klippa út og líma á bókina þannig að þakið beri við kjölinn á bókinni og dekkinn í átt að opnu hliðinni. Klippið eftir útlínum bílsins og gætið að halda ca 10 cm heilu svæði á toppnum þannig að kjölurinn fari ekki í tvennt.

Innan í bókina skrifa börnin eina setningu neðst á hverja síðu og teiknið passandi myndir við:

1. Ég nota augun og eyrun í umferðinni.
2. Ég nota gangbraut og umferðarljós.
3. Ég nota hjálm þegar ég hjóla.
4. Ég nota endurskinsmerki.
5. Ég nota bílbelti.



Komdu og skoðaðu bílinn - orðasúpa




Þ E N D U R N Ý T A L B L T Í
 S J R M S F E Ð J A A S Í M S
 T U Ó Á L Æ O Þ Ó N F L E L L
 E B P L Ó L Ð R Ð R K Ö L F L
 F P A E H Á S N S G V K D Ú N
 N V A R A H L U T I R K S T D
 U I S D J L T L M M T V N L L
 L H R I G E A Í E U I I E E E
 J I Ó A N N P I N R H L Y N I
 Ó R R R E D A Ú G A U I T D K
 S L A N D I Æ T A I R Ð I I S
 O R K U L A U S D K R D Ý N V
 R A F G E Y M I R U H J A G Æ
 G F E L D R E I F B Ý L I U Ð
 Y F I R B O R Ð M A L B I K I

Finndu orðin:

BÍLL	ELDSNEYTI	MALBIK
RAFGEYMIR	STEFNULJÓS	SLÖKKVILÐ
LEIKSVÆÐI	ENDURNÝTA	MENGA
VARAHLUTIR	YFIRBORÐ	ORKULAUS

Komdu og skoðuðu bílinn - orðaskuggar






Finndu skuggann af orðunum hér fyrir neðan:

bíll, yfirborð, varahlutir, leiksvæði, endurnýta, menga, yfirborð

Mat

Nemendur lita stjörnur og plasta og geyma hjá sér. Síðan rétta þeir upp viðeigandi stjörnu þegar þeir eru beðnir að meta vinnu félaga sinna, sína eigin eða hópsins. Síðan krossar nemandinn í réttan dálk á stjörnumatsblaðið, þ.e. ef hann fær mjög gott setur hann x í dálkinn lengst til vinstri.

Mat - Stjörnur

	<p>Mjög góð vinna!</p>
	<p>Góð vinna!</p>
	<p>Þú getur gert betur!</p>

